

Veiðimálastofnun okt. 1978

Tumi Tómasson, Borgarnesi.

4

Athugun á Laxá í Miklaholtshreppi 18-19/9 1978.

Dagana 18-19/9 1978 fór fram á vegum veiðimálastofnunarinnar könnun á Laxá í Miklaholtshreppi, að beiðni leigutaka, Þóris Ormssonar, Borgarnesi. Þórir var til leiðsagnar við ána fyrri dag könnunarinnar. Einnig var rætt við formann veiðifélagsins, Stefán Ásgrímsson, Stóruþúfu. Tilgangur könnunarinnar var að finna heppilegar leiðir til að stuðla að ræktun lax í ánni.

Laxá er fremur lítil dragá sem fellur í ós Straumfjarðarár. Hún er fiskgeng um 11 km, en lax hefur sjaldan orðið vart í efri hluta árinna (efstu 5 km). Töluverð sjóbleikja er í ánni, einkum efri hlutanum. Áin er grýtt og fremur straumhörð efst, en botninn verður fínni og straumurinn minni eftir því sem neðar dregur.

Fyrir þremur árum var stofnað veiðifélag um ána, en fram að þeim tíma hafði hver veitt fyrir sínu landi og eru upplýsingar um veiði fram að þeim tíma að skornum skammti. Frá og með árinu 1976 hefur verið sleppt 200 gönguseiðum lax árlega. Ekki er að sjá að verulegur árangur hafi náðst með þessum sleppingum enda um lítið magn að ræða. Þannig veiddust um 40 laxar árið 1976, 50 árið eftir og um 30 nú í ár. Um 200 sjóbleikjur hafa komið úr ánni árlega undanfarin þrjú ár.

Könnunin fór fram með þeim hætti að farið var með fiskgengum hluta árinna, hún skoðuð og einnig var rafveitt á 8 stöðum. Allur aflinn var lengdarmældur og sýni tekin af nokkrum fiskum til aldursákvörðunar.

Niðurstöður og ályktanir.

Niðurstöður rafveiða og aldursgreininga er birtur í töflu og súlurítum. Rafveiðin gefur ekki rétta mynd af lengdardreifingunni á hverjum stað, veiðanleiki smæstu seiðanna er minni en veiðanleiki stærri seiða. Yfirleitt er veiðanleikinn 20-40%, en hann var ekki ákvarðaður að þessu sinni. Til að niðurstöðurnar

verði skýrari verður nú vikið að nokkrum atriðum um lifnaðarhætti laxins.

Hér á landi er það einkum hitastig sem takmarkar útbreiðslu laxins (þar sem laxgengt er þ.e.a.s.), en botngerð og straumlag - þættir sem eru mjög samantvinnaðir - hafa hinsvegar mest áhrif á lengdardreifingu seiða á hverjum stað og þar með dánartölu seiðanna. Laxinn er straumvatnsfiskur og eftir því sem seiðin stækka (eldast) leita þau í sterkari straum og yfir grófari botn. Þetta kemur einkum til af því að seiðin afla sér fæðu úr straumnum - taka skordýr og aðra hryggleysingja sem hafa tapað haldi við botninn og berast niður með straumnum. Fæðuframboðið fer þannig að nokkru leiti eftir straumhraða. Milli þess sem seiðin afla sér fæðu í straumnum verða þau að hafa skjól á bak við steina, enda myndi annars fara of mikil orka í að tolla í ánni. Þá kemur það einnig til að framleiðsla fæðudýra er meiri þar sem botninn er grýttur en þar sem fín mül er í botni, enda grjótið stöðugra og einnig er þar meira yfirborð (eða flötur) milli botns og vatns þar sem fæðudýr geta hafist við. Laxaseiðin helga sér stað í ánni sem þau verja grimmilega gegn ásókn annarra seiða. Fer stærð umráðasvæðisins eftir stærð seiðanna - og einnig eftir því hve langt þau sjá frá sér. Þannig er umráðasvæðið minna yfir grýttum botni enda er fæðuframboð þar tiltölu-mikið og seiðin sjá stutt frá sér. Umráðasvæði þessi grundvallast einmitt á fæðupörfinni.

Þegar seiðum er sleppt í ár er mikilvægt að dreifa þeim vel, annars hrekjast mörg seiði á milli umráðasvæða þeirra sterkustu stressast og jafnvel drepast áður en þau finna sér samastað í ánni. Í ánni eru seiðin yfirleitt 2-5 ár eða þar til þau ná 12-15 cm stærð. Þá ganga þau til sjávar að vori og 30% koma upp í heimaána aftur sem fullorðnir laxar, flest eftir eitt ár í sjónum þá um 2-3 kg að þyngd. Flest laxaseiðin í Laxá eru 3-4 ár í ánni áður en þau ganga til sjávar.

Ef lítið er á súluritun má sjá að neðantil í ánni er talsvert magn 0+ og 1+ laxaseiða, en lítið af eldri (stærri) seiðum. Sennilegust orsök þessa er skortur á skjóli (grjóti) fyrir stærri seiðin. Þau ráða ekki við að afla sér nógrar fæðu í samkeppni við minni seiði sem þurfa ekki eins grófan botn til að finna sér viðunandi var fyrir straumnum. Úr þessu má bæta með því

að bera grjótt í ána. Bezt væri að hafa inn^{an}um stór björg til að auka stöðugleika botnsins. Þá er meiri von til að minni steinar tolli í ánni.

Ekkert laxaseiði frá klaki í vor fannst fyrir ofan veiðistað 24. Þar er hinsvegar mikið af vorgömlum bleikjuseiðum. Einnig sést í súluritunum að vorgömlu laxaseiðin eru smærri eftir því sem ofar dregur í ánni - þar til þau hverfa með öllu, en þessu er hinsvegar öfugt varið með bleikjuna. Vorgömul bleikjuseiði eru stærri eftir því sem ofar dregur í ánni. Bendir þetta til að hitastig geti haft töluverð áhrif á útbreiðslu þessara tegunda í ánni. Bleikjan er meiri kaldvatnsfiskur en laxinn. Þó ber þess að geta að þau laxaseiði sem fengust fyrir ofan veiðistað 24 voru öll vel haldin (feit) og sýndu þokkalegan vöxt. Eflaust getur því lax þrífist í meira magni ofantil í ánni en nú er. Sennilega hefur áin verið ofveidd ofan til og útbreiðsla laxins í ánni þannig takmörkuð meir en efni gefa til. Yfirleitt gengur sá lax fyrstur í ána að vori sem lengst fer upp í ána og því er veiðiálagið á þessum laxi meira en á laxinum sem hrygnir neðar í ánni, hann er lengur í veiðinni.

Botngerð í ánni fyrir ofan þjóðveg hentar laxaseiðum vel. Þó gæti eins og áður segir hitastig takmarkað hversu ofarlega í ánni laxinn getur þrífist. Það er ekki hægt að komast að þessu nema með því að sleppa laxaseiðum þar sem lítið eða ekkert er af laxaseiðum nú. Síðan má rafveiða þar að ári og kanna afkomu seiðanna áður en ákveðið er um framhald seiðasleppinga. Þess ber þó að geta að sleppingar laxaseiða í efri hluta árinna gæti haft neikvæð áhrif á bleikjustofninn í ánni. Vorgömlu bleikjuseiðin eru smærri neðan til í ánni þar sem laxaseiði eru einnig heldur en ofar. Þó gæti þetta einnig stafað af öðrum þáttum svo sem hitastigi og botngerð. Eflaust myndi þó framleiðslugeta árinna nýtast betur ef laxi yrði sleppt á efri hluta árinna enda nýta seiðin mismunandi staði í ánni, bleikjan heldur sig í meira skjóli við bakkana en laxinn sem er meira út í ánni.

Beztu seiðin til sleppinga eru svo kölluð sumaralin seiði, sem eru fánleg frá Laxeldisstöðinni í Kollafirði í Júní, þá um 5 cm að lengd. Ef þessum seiðum er sleppt í júní græðist heils árs

vöxtur í ánni þar eð þau eru jafn stór að vori og náttúrleg seiði eru að hausti. Ég tel ekki æskilegt að sleppa gönguseiðum í ána á þessu stigi málsins, heldur bíða og sjá hvað áin getur framleitt. Þá fyrst má athuga hvort fyrir hendi sé grundvöllur til sleppingu gönguseiða.

Vera má að laxaseiði úr náttúrulegu klaki muni í framtíðinni sjá efra hluta árinna fyrir nógu af seiðum og þá þarf ekki að halda áfram sleppingu sumaraldra seiða, enda væri það að bera í bakkafullann lækinn.

Ég legg til að eftirfarandi verði gert.

1. Grjót borið í ána neðantil, einkum þar sem samilegur straumur er í henni. Hafa ber stórgrýti innanum til að skapa stöðugleika.
2. Sleppa "sumaröldum" seiðum í ána í júní. Sleppa ber um 5000 seiðum eða um 1-2 per lengdarmetra í ánni, frá þjóðvegi og uppundir fossa. Þegar sleppt er verður að dreifa seiðunum vel um ána og einnig ætti að láta seiðin aðlagast hitastigi árinna með því að láta pokana liggja um klukkutíma í ánni óoppnaða áður en sleppt er. Þetta þyrfti að gera a.m.k. næstu 3-4 árin. Þó gætu viðhorfin breyzt ef afkoma fyrstu sleppiseiðanna er könnuð að ári. Þessi seiði kostuðu um 40-50 kr á síðastliðnu vori.

Ekki er að vænta sjáanlegs árangurs, þ.e. aukinnar laxagengar af þessum aðgerðum fyrr en eftir 3-5 ár.

Tafla. Niðurstöður rafmagnsveiða.

Veiðistaður	Botngerð	Flatarmál veiðist. í m ²	Fjöldi veiddra seiða		Urríði		
			O+	I+ II+/III+			
500 m fyrir ofan ós.	fín möl en skjól í gróðri við bakka.	350	40	4	-	-	1
ca 50 m fyrir ofan Laxárbakka	ójöfn klöpp, mikill mosi í botni.	300	36	71	100	-	1
ca 100 m fyrir neðan veiðihús	fínn malarbotn, skjólíftið.	250	35	2	1	-	1
20 m fyrir ofan veiðistað 24	fín möl, brot úr bökkum veita skjól.	250	-	12	8	13	1
í n-kvísl 100 m ofan girðingu ofan vegarins	gróf möl, stakstein- ött, sæmil. skjól.	250	-	6	4	43	3
neðan eyðibýlis, n-kvísl v/malarn.	grýttur botn.	200	-	5	3	49	2
ca 200 m neðan ármót Selár	stórgrýtt	75	-	-	-	9	-
ca 100 m ofan ármót Selár	stórgrýtt	125	-	-	-	29	2

O+ táknar vörgömul seiði, þ.e. árangur hrygningar haustið 1977.


I+ táknar seiði á öðru ári, árangur hrygningar 1976.

II+/III+ táknar seiði á þriðja og fjórða ári.


FJÓLDI VEIDDRA SEIÐA

- 6 -


ca. 500 m f. ofan ós, 350 m²




ca 50 m f. neðan Laxárbakka, 300 m²




ca 100 m f. neðan veiðihús, 250 m²




ca 20 m f. ofan veiðistað 24, 250 m²



ca 100 m f. ofan girðingu ofan Þjóðvegjarins í nyrztu kvísl, 250 m²



niður undan eyðibýli, við malargryfjur í nyrztu kvísl, 200 m²



Lengdar- og aldersdreifing veiddra laxaseiða.


0+ táknar vörgömul seiði, þ.e. árangur hrygningar 1977

I+ táknar seiði á öðru ári, árangur hrygningar 1976


II+/III+ táknar seiði á þriðja og fjórða ári.

FJÖLDRI VEIÐDRA SEIÐA


ca. 20 m f. ofan veiðistað 24, 250 m²




ca. 100 m f. ofan gindingu ofan þjóvegarsins
i nyrztu kvist, 250 m²



niður undan eyðibýli, við malargryfju-
-i nyrztu kvist, 200 m²



ca. 100 m f. ofan ármót Selár, 125 m²



Lengdar- og aldersdreifing veiddra bleikjuseiða
0+ táknar vorgömul seiði
I+ táknar seiði á öðru ári